

## AUGLÝSING

### um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

#### *Breyting á deiliskipulagi Valla, miðsvæði, Tjarnarvellir 2.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög og samþykkt um afgreiðslur skipulagsfulltrúa í Hafnarfjarðarkaupstað samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi þann 14. janúar 2009 breytingu á deiliskipulagi Valla, miðsvæði, Tjarnarvellir 2. Breytingin felst í að gerð er lóð fyrir pylsuvagn við Tjarnarvelli til móts við Tjarnatorg. Lóðin er á almennu bílastæði á landi bæjarins. Hámarksbyggingarmagn verður 55 m<sup>2</sup> og nýtingarhlutfall verður 0,14. Erindið var sent í auglýsingu skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 í samræmi við bókun skipulags- og byggingarráðs 18. nóvember 2008. Athugasemdafresti lauk 12. janúar 2009, engin athugasemd barst. Skipulagsstofnun gerði athugasemd við tæknilega uppsetningu uppdráttar og hafa leiðréttir uppdrættir verið sendir Skipulagsstofnun.

#### *Breyting á deiliskipulagi Valla, miðsvæði, Tjarnarvellir 13.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 27. janúar 2009 breytingu á deiliskipulagi Valla, miðsvæði, Tjarnarvellir 13. Breytingin felst í að fyrirhuguð bygging verður á einni hæð í stað 2-4 hæða og bílastæði verða innan lóðar. Hámarksbyggingarmagn verður 1.068 m<sup>2</sup> og nýtingarhlutfall verður 0,4.

#### *Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, Einhella 8.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 13. febrúar 2008 breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, Einhella 8. Breytingin felst í að byggingarreitur er stækkaður til norðurs og hámarkshæð byggingar verður 10,2 m. Gert er ráð fyrir nýrri innkeyrslu frá Gjáhellu.

#### *Breyting á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti, Grandatröð 10.*

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 10. mars 2009 breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis á Hvaleyrarholti, Grandatröð 10. Breytingin felst í að byggingarreitur er stækkaður og mænisstefnu á viðbyggingu er breytt. Nýtingarhlutfall verður 0,43.

Farið var með ofangreindar deiliskipulagsbreytingar skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og þær yfirfarnar af Skipulagsstofnun.

Breytingarnar öðlast þegar gildi.

*F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 8. apríl 2009,*

**Bjarki Jóhannesson**, skipulags- og byggingarfulltrúi.